


Íslenska kalkþörungafélagið ehf  
Hafnarteigi 4  
465 Bíldudalur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 11. október 2011  
Tilvísun: UST20100600055/edk

### Frestun álagningar dagsekta

Umhverfisstofnun vísar í bréf dagsett 16. september 2011 þar sem áformaðar voru dagsektir á Íslenska kalkþörungafélagið ehf frá og með 19. október næstkomandi vegna of hás útblástursgildi fyrir ryk. Einnig er vísað í greinargerð frá rekstraraðila sem barst stofnuninni 10. október 2011 sem og fund með fulltrúum rekstraraðila sem fram fór sama dag.

Rekstraraðili hefur nú þegar náð töluverðum árangri í að draga úr ryki í útblástri en það reynist þó enn yfir losunarmörkum. Í ljósi þess að rekstraraðili vinnur nú að auknum úrbótum sem miða að því að ná ryki niður fyrir skilgreind losunarmörk, sem eru  $20\text{mg}/\text{Nm}^3$ , og árangurs er að vænta á næstu vikum, hefur Umhverfisstofnun ákveðið að fresta álagningu dagsekta til 10. nóvember nk.


**Hafi mæliniðurstöðum á útblástursgildi ryks ekki verið skilað inn fyrir þann tíma eða sýni þær gildi yfir leyfilegum losunarmörkum sbr. ákvæði 2.1. í starfsleyfi munu dagsektir að upphæð kr. 25.000 á dag verða lagðar á frá og með 10. nóvember 2010 til 10. janúar 2012, en þá mun upphæð dagsekta hækka í kr. 50.000.**

Umhverfisstofnun veitir hér með Íslenska kalkþörungafélaginu frest til 25. október 2011 til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1994.

Beri ofangreindar þvingunaraðgerðir ekki árangur í losun verksmiðjunnar á ryki í útblástri innan 6 mánaða frá álagningu dagsekta/fyrir 10. maí 2012 mun Umhverfisstofnun grípa til frekari aðgerða svo tryggja megi að skilyrði starfsleyfis verði uppfyllt. Taka yrði þá til skoðunar hvort nauðsynlegt sé að takmarka starfsemina á einhvern hátt eða jafnvel svipta rekstraraðila starfsleyfi ef ekki er líklegt að viðunandi ástand náist.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að ákvörðun um dagsektir mun verða birt á vefsetri Umhverfisstofnunar komi til slíkrar ákvörðunar. Jafnframt mun stofnunin birta á vefsetri sínu sjónarmið fyrirtækisins.

Virðingarfyllt

  
Sigrún Agústs dóttir  
sviðsstjóri

  
Kristján Geirsson  
deildarstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vestfjarða

